

18. apríl, 2018

## Sýndarflugferð um náttúru Íslands: Nýtt aðdráttarafl í íslenskri ferðaþjónustu

- Flyover Iceland er einstök háloftaheimsókn þar sem gestum er boðið í sýndarflugferð yfir stórbrotna náttúru Íslands.
- Sýningin opnar árið 2019 - Byltingarkennd leið til að segja sögu lands og þjóðar.
- Esja Attractions ehf., Pursuit og Íslandsstofa bjóða þér að vera viðstödd/viðstaddur skóflustunguathöfn til að fagna þessum merka áfanga, miðvikudaginn 18. apríl kl. 15:00 að Fiskislóð 43.

### Háloftaheimsókn: Innblásin saga af íslenskri náttúru

„Við erum gríðarlega spennt að hefja uppbyggingu á þessari sérhönnuðu sýningarbyggingu, sem miðla mun sögu og upplifun af íslenskri náttúru. Verkefnið hefur verið í undirbúningi í hartnær þrjú ár og við erum fullviss um að FlyOver Iceland verður eitt helsta aðdráttarafl fyrir ferðamenn hér í Reykjavík á komandi árum,“ segir Sigurgeir Guðlaugsson, stjórnarformaður Esju Attractions ehf. „Við sjáum sýninguna sem byltingarkennda leið til að segja sögu og skapa hughrif sem veita innblástur. Við munum segja sögu af Íslandi, náttúru þess, menningu og sögu.“

„Dagurinn í dag markar jafnframt tímamót í sögu okkar, frumkvöðlanna sem stofnuðu Esju, en við höfum unnið baki brotnu að því að færa þessa nýstárlegu tækni til Íslands, með lítið annað en óbilandi trú á verkefninu að vopni til að byrja með. Við teljum að FlyOver Iceland verði stór hluti í áframhaldandi vexti ferðaiðnaðar á Íslandi. Þetta hefur verið mikil vinna en við höfum bætt við okkur öflugum samstarfsaðilum á leiðinni, t.a.m. fasteignafélaginu E6 og Pursuit, sem er leiðandi á heimsvísu í því sem kalla má gagnvirka upplifunarhönnun, en við erum afar stolt af því að eiga þá að samstarfsaðila. Við hlökkum til að frumsýna þessa nýjungakennda sagnaleið fyrir Íslendingum og ferðamönnum á næsta ári.“

### Í fyrsta sinn í Evrópu

Hugmyndafræðin að baki FlyOver er að skapa ógleymanlega upplifun fyrir gesti með mögnuðum myndum af náttúrunni og þeirri tilfinningu að þú sért að fljúga yfir hana,“ segir David Barry, forstjóri Pursuit en FlyOver Iceland verður fyrsta útfærsla á háloftaheimsókn utan Norður-Ameríku. „Það er okkur sönn ánægja að kynna þessa upplifun á jafn mögnuðum áfangastað og Ísland er, á svæði þar sem ferðaiðnaðurinn blómstrar og er fullkomin staðsetning fyrir FlyOver upplifun. Við hlökkum til að vinna með Esjuteyminu á Íslandi, sem er reynslumikið fagfólk með mikla þekkingu á Íslandi og íslenskum ferðaiðnaði.“

FlyOver Iceland byggir á hinu mjög svo vinsælu háloftaheimsókn FlyOver Canada. Gestir sýningarinnar sitja í sætisbeltum í stórri sýningarhvelvingu og stólarnir hreyfast í takti við hreyfingar myndarinnar. Sérstakar tæknibrellur á borð við vind, lykt, þoku og raka auka enn frekar á upplifunina og gera hana ógleymanlega fyrir alla aldurshópa.

#### Nánari upplýsingar veitir:

Sigurgeir Guðlaugsson, stjórnarformaður Esju Attractions, í síma 864 8284  
[www.FlyOverIceland.com](http://www.FlyOverIceland.com).

## Um Pursuit

Pursuit er fyrirtæki sem sérhæfir sig í að skapa ógleymanlega upplifun í Alaska, Montana, kanadísku Klettafjöllunum og Vancouver í Bresku-Kólumbíu. Afþreyingar Pursuit eru á heimsmælikvarða en sérsmíðuð húsnæði og ferðaupplifanir þeirra hafa hjálpað ævintýragjögnu fólki um allan heim að uppgötva og tengja við nær goðsagnakennda ferðamannastarfi, meðal annars Banff, Jasper, Waterton Lakes, Glacier, Denali og Kenai Fjords þjóðgarðana. Pursuit er hluti af Viad Corp (NYSE: VVI). Frekari upplýsingar um Pursuit má finna á [www.pursuitcollection.com](http://www.pursuitcollection.com).